

## **87. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 12. september 2013 kl 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

**Mætt eru:** Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Gunnólfur Lárusson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Björn Guðmundur Björnsson, Dagrún Þórisdóttir, Ólafur Steinarsson sveitarstjóri og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð og svo var ekki.

Lagt fyrir fundinn að bæta við 6. lið í dagskrá, fundargerðir Eyþings 242 og 243 og bréf frá Eyþingi dagsett 25. júlí 2013.

Samþykkt samhljóða.

### **1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 86.**

Lögð fram til kynningar.

### **2. Fundargerð Umhverfis og skipulagsnefndar dags 22. ágúst 2013.**

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að farið verið í að vinna í deiluskipulagi fyrir kirkjugarðinn við Þórshafnarkirkju.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Fundargerð Fræðslunefndar dags 23.08.2013**

Lögð fram til kynningar.

### **4. Bréf frá innanríkisráðuneytinu dags 31. júlí 2013 - Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2013**

Lagt fram til kynningar.

### **5. Fundargerð frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga – sveitarfélög á köldum svæðum.**

Lögð fram til kynningar.

### **6. Fundargerðir Eyþings 242 og 243 og bréf frá Eyþingi dagsett 25. júlí 2013.**

Lagt fram til kynningar.

### **7. Hagsmunasamtök heimilanna ósk um styrk**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur sig ekki hafa tæk á því að veita styrk til Hagsmunasamtaka heimilanna að svo stöddu.

### **8. Finnafjörður heimsókn Bremenports til Langanesbyggðar 27. ágúst sl. og framhald verkefnis.**

Siggeir fór yfir og gerði grein fyrir því sem búið er að gerast í sambandi við málefni Bremenports síðan á síðasta sveitarstjórnarfundum. Fulltrúar frá Bremenports, ríkinu Bremen og þýska sendiráðinu komu á Þórshöfn 27. ágúst 2013 og skoðuðu aðstæður í Finnafirði. Þá hittu þeir einnig sveitarstjórnarmenn í Langanesbyggð og Vopnafirði. Með þeim í för voru fulltrúar Eflu og lögfræðingur sveitarfélagsins. Í framhaldi af því var fundað með ráðherrum, síðan með alþingismönnum svæðisins og að lokum með forseta Íslands þar sem fulltrúar Bremenports kynntu stuttlega hugmyndir sínar um hafnarframkvæmdir í Finnafirði. Lögð voru fram gögn á fundinum með nánari upplýsingar um hverjir voru á þessum fundum.

Næstu skref í þessu eru að í næstu viku verður haldinn fundur með landeigendum í Finnafirði og í framhaldi stefnt á íbúafund í október með íbúum í Langanesbyggð.

Aðilar frá Bremenports munu verða þátttakendur á ráðstefnum sem haldnar verða á Íslandi í október og fjalla um norðurslóðarmálefni.

Stefnt á að funda fljótlega með Vopnafjarðarhreppi um þessi málefni.

## 9. Skýrsla Sveitarstjóra

- a. Staða endurbóta- og viðhaldsverkefna 2013 töluleg greining.  
Lögð fyrir sveitarstjórn yfirlit yfir stöðu framkvæmda og kostnaðartölur. Hluti kostnaðartalna er áætlaður þar sem reikningar eru ekki komnir. Eins og yfirlitið gefur til kynna hefur sveitarfélagið þegar eytt þeim fjármunum sem voru til ráðstöfunar. Það þarf hins vegar að klára þakframkvæmdina á félagsheimilinu og einnig æskilegt að klára glugga í Hálsveg 9-11.
- b. Rekstur félagsmiðstöðvarinnar Svarthols  
Ungmennafélagið hefur sagt sig frá umsjón með Svartholinu.  
Lagt til að æskulýðs- og íþróttanefnd fundi um málið og skoði möguleikana í stöðunni.
- c. Endurskoðuð rekstraráætlanagögn lögð fram til kynningar.  
Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013 gefur til kynna að staða sveitarfélagsins sé mun verri en áætlað var. Næstu dagana verður farið yfir þau drög sem liggja fyrir með endurskoðanda og lykil starfsmönnum sveitarfélagsins til að sannreyna raunveruleika gagnanna. Í framhaldi af þessum fundum mun sveitarstjóri boða sveitarstjórn á sérstakan fund þar sem frekar verður fjallað um málið. Vonir standa til að slíkur fundur geti átt sér stað fyrir næsta sveitarstjórnarfund.  
Fundarmenn þakka fyrir skýr og góð gögn sem lögð voru fyrir fundinn og lýsa yfir áhyggjum sínum á stöðu sveitarfélagsins.
- d. Staða á sorphmálum Langanesbyggð.  
Unnið er að samkomulagi við íbúasamtök Bakkafjarðar sem felur í sér mögulega urðun á Bakkafirði til skemmri tíma geti átt sér stað meðan leitað er að framtíðarlausn í sorphmálum.  
Rætt um að fá íslenska Gámafélagið til að koma aftur og vera með kynningarfund og fá fyrirlestur um sorphlokkun. Sveitarstjórnarmenn telja vel hægt að gera betur í sorphlokkun í sveitarfélaginu.
- e. Hálsvegur 9-11 endurbætur og eignarstaða  
Komnir nýir gluggar í íbúðirnar í Hálsvegi 9-11. Það liggur fyrir að ríkið tekur ekki þátt í endurbótakostnaði þrátt fyrir 75% eignarhlut þeirra. Sveitarfélaginu býðst að kaupa húsið af ríkinu á fasteignarmatsverði. Sveitarstjóra falið að skoða málið.
- f. Hafnarframkvæmdir framlag ríkis inn í verkið  
Langanesbyggð mun ekki fá að fullu greitt frá ríkinu á fjárlögum 2013 heldur munu 26 milljónir verða greiddar á fjárlögum næsta árs 2014. Sveitarfélagið hefur óskað eftir greiðslufresti á lokagreiðslu á framkvæmdinni hjá Björgun ehf. Fáist hann ekki þarf að skoða aðrar leiðir til að brúa fjármögnunina.
- g. Eyþing „kjörbréf“ fyrir Ólaf  
Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að skipa Ólaf Steinarsson sveitarstjóra Langanesbyggðar sem kjörinn fulltrúa sinn á aðalafund Eyþings og afturkalla jafnframt fulltrúaumboð fyrrverandi sveitarstjóra Gunnólfs Lárussonar. 6 fundarmenn samþykktu og einn sat hjá.

h. Viðtalstímar við sveitarstjórnarmenn

Rætt hvort setja ætti ákveðnn viðtalstíma þar sem íbúar sveitarfélagsins geti komið á skrifstofu sveitarfélagsins og hitt þar fyrir sveitarstjóra og sveitarstjórnarmenn.

6 samþykktu tillöguna og 1 sat hjá.

Ákveðið að prófa þetta fram að áramótum. Sveitarstjóra falið að skipuleggja viðtalstíma sveitarstjórnarmanna og auglýsa viðtalstímana fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 19:15